

Ágæti sveitarstjórnarfulltrúi

Eins og þér er eflaust kunnugt um hafa tónlistarkennarar í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) nú verið samningslausir í 14 mánuði eða í 425 daga alls þegar þetta er ritað.

Stjórn FT lýsir yfir þungum áhyggjum af gangi mála við samningaborðið. Félagsmönnum, út um allt land, finnst staðan illskiljanleg enda er krafa þeirra hógvæ. Félagsmenn telja það sanngjarnt og réttmætt að launapróun þeirra haldi í við launapróun annarra kennara og stjórnenda í Kennarasambandi Íslands. Til að svo megi verða þarf að brúa það launabil sem skapaðist þegar FT missti úr eina samningalotu hrúnárið 2008. Það eru vonbrigði að á þeim fjórtán mánuðum sem félagsmenn hafa verið samningslausir hefur hvorki gengið né rekið í viðræðum um þessi einföldu og sanngjörnu markmið samninganefndar FT.

Til að liðka fyrir málum lagði samninganefnd FT það til, rétt fyrir jól, að gerður yrði einfaldur skammtímasamningur. Einungis yrði horft til prósentuhækkana til að lágmarka þann skaða sem samningsleysið hefur þegar valdið. Í þessari tillögu að skammtímasamningi var ekki farið fram á að launabilið milli félagsmanna FT og annarra hópa í KÍ yrði minnkað. Hér var einungis verið að reyna að halda í við núverandi ástand svo ekki dragi enn meira í sundur með félagsmönnum FT og öðrum félagsmönnum innan KÍ. Tillögu FT var hafnað af SNS.

Launamunur milli kennarahópa er staðreynd eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

- Fertugur tónlistarkennari kennir bæði í grunnskóla (Ltl. 240) og tónlistarskóla (Ltl. 140) . Á launaseðli frá 1. des. síðastliðnum má sjá að í grunnskólanum eru mánaðarlaun hans fyrir fullt starf kr. **512.806** en kr. **398.912** í tónlistarskólanum. Launamunurinn 28,6 %!
- Ef tilboði SNS frá því í byrjun desember hefði verið tekið væri munurinn engu að síður þessi: **512.806 - 434. 814** eða 17%.

Ágæti sveitarstjórnarmaður! Tónlistarkennarar hafa fjárfest í langri og strangri menntun og starf þeirra tekur til allra skólastiga upp að háskólanámi. Fyrir um tuttugu árum síðan miðuðu tónlistarkennarar launakjör sín við laun framhaldsskólakennara. Árin fyrir hrún voru laun tónlistarkennara ívið hærri en laun umsjónarkennara í grunnskóla og launakjör stéttarinnar voru talsvert hærri en í leikskólum.

Í dag er það krafa kennara og stjórnenda í tónlistarskólum að launakjör þeirra verði sambærileg og launakjör kollega þeirra í KÍ, með sömu menntun og reynslu. Tónlistarkennarar telja þessa kröfu hógværa og réttmæta – og trúa því að sveitarstjórnarmenn séu þeim sammála um að þessi krafa sé sanngjörn.

Stjórn FT telur erfiða stöðu í kjaraviðræðum samningsaðila með öllu óásættanlega fyrir alla aðila. Það eru vonbrigði að ekki hafi tekist að vinna úr tillögu samninganefndar FT að skammtímasamningi sem var gagngert teflt fram fyrir jólin til að reyna að höggva á þann hnút sem málin eru í. Þá eru það enn meiri vonbrigði að svo virðist sem þar eigi stærstan hlut að máli andstaða SNS við afturvirkni launahækkana vegna tafa við samningsgerðina. Það er köld kveðja ef rétt reynist að SNS hafi ekki haft umboð til að láta þann skammtímasamning sem FT lagði til, gilda frá þeim tíma sem síðasti kjara-samningur rann út – enda fól sú skammtímalausn ekki neitt annað í sér fyrir félagsmenn, þ.e. að halda sjó. Af hverju ætti ekki að framkvæma afturvirkni launahækkana hjá tónlistarkennurum eins og flestum öðrum?

Rekstur tónlistarskóla er í umsjá sveitarfélaga, framtíð tónlistarskólanna er í ykkar höndum. Hvernig verður mannlífið í byggðum landsins ef tónlistarkennarar hrökklast frá störfum vegna óréttlátrar launastefnu?

Með ósk og von um gleðilegt nýtt ár.

Stjórn Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.